

**19. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
7. september 2015 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Sigríður Indriáadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Starri Reynisson varamaður og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðipjónustu.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1508011 - Þjóðarsáttmáli um læsi**

Mennta- og menningarmálaráðherra býður öllum bæjar- og sveitarstjórnnum að undirrita Þjóðarsáttmála um læsi þar sem samningsins, ríki og sveitarfélög, skuldbinda sig til að vinna að því með öllum tiltækum ráðum að ná settu markmiði um læsi, að öll börn geti lesið sér til gagns við lok grunnskóla. Stefnt er að undirritun samnings 22. September 2015 á Akranesi. Bæjarráð vísar samningnum til skoðunar í skóla- og frístundaráði og leggur áherslu á mikilvægi þess að tryggja faglegt sjálfstæði skóla og sveitarfélaga hvað varðar val á aðferðafræði í lestrarkennslu.

*Á fundinn mættu Gunnar Gíslason ráðgjafi á skóla- og frístundasviði, Arnbjörg Stefánsdóttir skólastjóri Brekkubæjarskóla, Hrönn Ríkharðsdóttir skólastjóri Grundaskóla, Borghildur Birgisdóttir og Elís Þór Sigurðsson áheyrnafulltrúar kennara í grunnskólum, Ásta Egilsdóttir kennari í Grundaskóla og Guðrún Guðbjarnadóttir kennari í Brekkubæjarskóla.*

*Erla Ösp Lárusdóttir áheyrnafulltrúi foreldra mætti á fundinn kl. 16:50.*

*Skóla- og frístundaráð samþykkir að Akraneskaupstaður undirriti Þjóðarsáttmála um læsi. Ráðið tekur undir með bæjarráði um mikilvægi þess að faglegt sjálfstæði skóla og sveitarfélaga sé tryggt.*

*Ásta og Guðrún viku af fundi kl. 17:45.*

**2. 1508161 - Umferðarforvarnir - umsókn um styrk**

Bæjarráð vísaði erindi Berents Karls Hafsteinssonar um styrkveitingu samtals kr. 120.000 vegna fyrirlestrar um umferðarforvarnir fyrir 10. bekk í grunnskólum Akraneskaupstaðar, til umsagnar í skóla- og frístundaráði.

*Skóla- og frístundaráð getur ekki orðið við erindinu.*

*Skóla- og frístundaráð leggur áherslu á sjálfstæði skólastjórnenda og forstöðumanna á skóla- og frístundasviði til að skipuleggja fræðslu fyrir nemendur og starfspróun starfsmanna sinna.*

**3. 1508256 - Gjaldfrjáls grunnskóli - áskorun til sveitarfélaga**

Áskorun hefur borist frá Barnaheill um gjaldfrjálsan grunnskóla. Bæjarráð vísar erindi Barnaheillar til kynningar í skóla- og frístundaráði.

S

Skólastjórnendur greindu frá þeim kostnaði sem foreldrar bera vegna ritfangakaupa. Skóla- og frístundaráð beinir þeim tilmælum til skólastjórnenda að hafa í auknum mæli milligöngu um sameiginleg innkaup með það að markmiði að lágmarka kostnað foreldra.

**4. 1509061 - Starfsþróunaráætlun skóla- og frístundasviðs 2015-2018**

Drög að áætlun um starfsþróun skóla- og frístundasviðs 2015-2018 liggja fyrir.

Svala Hreinsdóttir deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðipjónustu lagði fram drög að starfsþróunaráætlun skóla- og frístundasviðs 2015-2018.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.**

Sigríður Indriðadóttir  
Pálur Ósundurloftur  
Gunnarri Reynisson  
Kristinn H. Sæviússon  
Sigrún Inga Auðnadóttir  
Svala Hreinsdóttir